

Priðjudaginn 9. desember 1986.

Nr. 83/1985. **Hagtal** h/f

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

gegn

**innheimtumanni ríkissjóðs**

**í Rangárvallasýslu**

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hdl.)

Söluskattur. Synjað um lögtak.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1985. Dómkröfur hans eru þessar: „*Aðallega*: að hinni áfrýjuðu lögtaksgerð verði hrundið og hún niðurfelld. *Til vara*: að lögtaksfjárhæðin verði stórlega færð niður og öll viðurlög niður felld. Jafnframt verði þá áfrýjanda heimilað að skuldajafna á móti lögtakskröfunni, sem eftir kynni að standa, þeim fjárhæðum, sem hann þegar hefur greitt í söluskatt af umræddri starfsemi, umfram það sem hann hefur talið að sér bæri að greiða, það er kr. 3.236.743,70, auk mánaðarlegra dráttarvaxta frá því að hver einstök greiðsla á þessari upphæð fór fram til þess dags, að skuldajöfnun á sér stað.“ Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þessar dómkröfur: „*Aðalkrafa*. Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum áfrýjenda og hin áfrýjaða lögtaksgerð verði staðfest. *Varakrafa*. Komist Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu, að skylda áfrýjenda til greiðslu söluskatts nái ekki til vélavinnu eða vinnu á eigin verkstæði, er þess krafist, að lögtaksgerðin verði staðfest fyrir söluskatti og viðurlögum af hinum þættinum. Bæði í aðal- og varakröfu er þess krafist að lögtaksfjárhæðin verði staðfest auk 2,75% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 16.1.1985 til 16.2. s.á., 3,75% frá þ.d. til 16.3. s.á., 4% frá þ.d. til 16.5. s.á., 3,50% frá þ.d. til 16.9. s.á., 3,75% frá þ.d. til 16.2. 1986, 2,75% fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þ.d. til 16.3. s.á., en 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern

byrjaðan mánuð frá þ.d. til greiðsludags.“ Hann krefst þess að „áfrýjendur“ verði dæmdir in solidum til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hinni áfrýjuðu lögtaksgerð var beint gegn Hraunvirki h/f, Ása-hreppi í Rangárvallasýslu. Forsvarsmenn áfrýjanda telja að félag þetta hafi á árinu 1984 verið sameinað Hagtölu h/f með heimild í ákvæðum XV. kafla laga nr. 32/1978 um hlutafélög. Telja þeir Hagtölu h/f, sem ein áfrýjaði málinu, hafa með samruna félaganna tekist á hendur greiðsluskyldu á lögtakskröfunni, ef hún teldist réttmæt. Fallist er á að lögtaksgerðin verði hagsmuni áfrýjanda með þeim hætti að honum verði heimil áfrýjun málsins, sbr. 1. mgr. 11. greinar lögtakslaga nr. 29/1885.

Málavextir eru þeir að Hraunvirki h/f varð árið 1979 lægsbjóðandi hjá Landsvirkjun í gerð stíflumannvirkja og annarrar jarðvegsvinnu við virkjun Hrauneyjafoss í Tungnaá. Félagið hafði gagnert verið stofnað á því ári til að bjóða í nefndar framkvæmdir. Tilboð þess nam 2.758.605.000,00 gömlum krónum. Tilboðinu var tekið. Með hækkunum, sem urðu á verkamningnum vegna breytinga frá útboði svo og vegna nýs verkefnis sem félagið tók að sér við Hrauneyjafossvirkjun fyrir 117.275.000,00 gamlar krónur, nam heildar verksamningsupphæð þess við Landsvirkjun vegna nefndrar virkjunar 3.136.249.500,00 gömlum krónum. Félagið hóf verkið lítilla á árinu 1979. Aðalframkvæmdatíminn var á árunum 1980 og 1981 en verkinu lauk 1982.

Hraunvirki h/f var krafð um greiðslu sölugjalds af skattstjóranum í Suðurlandsumdæmi vegna framkvæmdanna. Árin 1980 og 1981 greiddi félagið alls 3.420.195,70 nýkrónur í sölugjald. Samkvæmt uppgjöri félagsins á sölugjaldi taldi það sig ekki hafa átt að greiða nema 182.762,00 nýkrónur af starfseminni á þessum árum, og væru þá ofgreiddar 3.237.433,70 nýkrónur.

Með bréfi dagsettu 14. október 1981 fór skattstjórinn í Suðurlandsumdæmi þess á leit við rannsóknardeild ríkisskattstjóra, að konnauð yrðu söluskattsskil Hraunvirkis h/f vegna notkunar véla við umrætt tilboðsverk og vegna þjónustu eigin viðgerðarverkstæðis við starfsemina. Rannsóknardeildin hóf síðan umbeðna könnun í ársbyrjun 1982 og lauk henni með skýrslu til skattrannsóknarstjóra dagsettri 10. ágúst 1984. Félagið fékk skýrsluna til umsagnar. Í

framhaldi af því úrskurðaði ríkisskattstjóri síðan þann 31. desember 1984 félaginu viðbótarsölugjald vegna áðurgreindra verkþátta við Hrauneyjafossvirkjun samtals með álagi fram til 16. janúar 1985 9.714.331,00 nýkrónu. Félagið kærði þennan úrskurð til ríkisskattstjóra, en þann 1. febrúar 1985 úrskurðaði ríkisskattstjóri að hann skyldi standa óbreyttur. Í úrskurðarorði segir svo: „Gjaldandi greiði viðbótarsölugjald fyrir árið 1979 gkr. 3.643.112, nýkr. 36.431 fyrir árið 1980 gkr. 98.967,625, nýkr. 989.676 fyrir árið 1981, nýkr. 2.178.809 og fyrir árið 1982 nýkr. 59.309. Þá greiði gjaldandi álag á ofangreindar fjárhæðir sem reiknað er fram til 16. janúar 1985 nýkr. 6.450,106. Viðbótarsölugjald auk álags verður því nýkr. 9.714.331,00.“

Í febrúar 1985 barst stefnda álagning þessi til innheimtu. Þann 20. sama mánaðar fór hin áfrýjaða lögtaksgerð fram á aðsetri hreppstjóra að Sumarliðabæ í Ásahreppi í Rangárvallasýslu í bifreiðum sem skráðar voru á nafn Hraunvirkis h/f. Hafði félagið haft skráð aðsetur í hreppnum. Ekki var gerðarþola tilkynnt fyrirfram um gerðina.

Svo sem að ofan greinir lagði ríkisskattstjóri viðbótarsölugjald á Hraunvirki h/f með bréfi 31. desember 1984. Af gögnum málsins kemur ekki fram að fógeti hafi kveðið upp úrskurð eftir fyrirmælum 4. gr. lögtakslaga nr. 29/1885 um að lögtak mætti gera fyrir gjaldi þessu eftir að það var lagt á og féll í gjalddaga. Ekki verður talið að hina áfrýjuðu lögtaksgerð hafi mátt framkvæma samkvæmt lögtaksúrskurðum vegna vangreidds söluskatts í Rangárvallasýslu uppkveðnum 16. ágúst 1979, 2. október 1980, 27. ágúst 1981, 6. september 1982, 6. september 1983 og 18. september 1984 vegna nefndra ára eins og haldið var fram í málflutningi. Ber því að fella hina áfrýjuðu lögtaksgerð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti sem ákveðst 300.000,00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð er felld úr gildi.

Stefndi, innheimtumaður ríkissjóðs í Rangárvallasýslu, greiði áfrýjanda, Hagtölu h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti 300.000,00 krónur að viðlagðri aðför að lögum.

### Lögtaksgerð fógetaréttar Rangárvallasýslu 20. febrúar 1985.

Ár 1985, miðvikudaginn 20. febrúar var fógetaréttur Rangárvallasýslu háður að Sumarliðabæ, Ásahreppi með undirrituðum votti af Kjartani Þorkelssyni ftr.

Fyrir tekið: Að framkvæma lögtak hjá Hraunvirkja hf. nnr. 4327-5836 Ásahreppi, Rangárvallasýslu fyrir ógreiddum gjöldum, sem sundurliðast þannig:

Söluskattur 1979 .....	kr.	36.431
Söluskattur 1980 .....	kr.	989.676
Söluskattur 1981 .....	kr.	2.178.809
Söluskattur 1982 .....	kr.	59.309
og viðurlög til 16. jan. 1985. skv. ákvörðun ríkisskattstjóra dags. 1. febr. 1985 .....	kr.	6.450.106
	Samtals kr.	9.714.331

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 álagningarseðil ríkisskattstjóra.

Firma þetta er skráð með aðsetur í Ásahreppi og fer gerðin því fram á aðsetri hreppstjóra.

Fyrir hönd gerðarþola mætir að tilhluta fógeta Sveinn Ísleifsson. Af hálfu innheimtu ríkissjóðs er mættur Sigursteinn Steindórsson og leggur fram bifreiðaskrá frá bifreiðaeftirliti ríkisins og gerir kröfu til að bifreiðar þessar séu skrifaðar upp til tryggingar kröfunni en bifreiðar þessar eru:

L-2072 Kochum 420 árg. 1971	L-2087 Mazda 1800 árg. 1980
L-2073 Lada Vaz 2121 árg. 1980	L-1724 Kochum 420 árg. 1971
L-2029 Mazda 1800 árg. 1980	L-1721 Kochum K-420 árg. 1973
L-2151 MAZ 452 árg. 1980	L-2091 Scania Vabis árg. 1959
L-2153 Dodge B-300 árg. 1979	L-2092 Scania Vabis árg. 1969
L-2093 Volvo F-7 árg. 1980	L-2115 Toyota Hilux árg. 1981
L-2236 Henchel árg. 1972	L-2250 Volvo N-10, árg. 1981
L-2266 International árg. 1968	L-2284 Lada Vaz árg. 1979
L-2630 Scania 80 árg. 1971	

Fallið var frá virðingu.

Fógeti gætti leiðbeiningarskyldu sinnar.

Fógeti lýsti því yfir, að hann gerði lögtak í eignum þessum til tryggingar framangreindum gjöldum, auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mætta að tilkynna gerðarþola lögtakið og að ekki mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn þann hátt, er færi í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.